

Nd.

405. Breytingartillögur

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (GPÖ).

1. Við 6. gr. Á eftir 9. tölul. bætist nýr stafl., svo hljóðandi:
2. málsgr. E-liðs 15. gr. falli niður.
2. Við 7. gr. Aftan við 4. mgr. bætist inn ný málsgrein, svo hljóðandi:
Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi $\frac{2}{5}$ hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig.
3. Við 21. gr. Við greinina bætist nýr töluliður (5), svo hljóðandi:
Við bætist ákvæði til bráðabirgða (verði IV):
Heimilt er atvinnufyrirtækjum, sem annast hraðfrystingu á sjávarafurðum til útflutnings, að leggja til hliðar helming af hreinum tekjum ársins 1971 í sérstakan endurnýjunarsjóð til að mæta þeim kostnaði, sem leiðir af breyttum lagaákvæðum í markaðslöndum um hollustuhætti við framleiðslu fiskafurða.
Nú hefur atvinnufyrirtæki, sem myndað hefur endurnýjunarsjóð, samkv. þessari grein, framkvæmt breytingar og lagfæringar, og skal kostnaður við það dragast frá tekjum sem annar viðhaldskostnaður, en það fé, sem lagt hefur verið í endurnýjunarsjóð, falla til skattgreiðanda á sama ári.
4. Á eftir 22. gr. bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athugað sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að vinni hjón utan heimilis, skuli hvor aðili greiða tekjuskatt af þeim tekjum, sem hann vinnur fyrir, vinni annar aðilinn utan heimilis, skuli þeim, sem engar tekjur hefur, reiknaður til tekna hluti af tekjum hins, þó aldrei hærri fjárhæð en helmingur af tekjum hans.